

# Stofnanasamningur

## Skrifstofa Alþingis og Sameyki stéttarfélag í almannajónustu gera með sér eftirfarandi stofnanasamning á grundvelli kjarasamnings Sameykis og fjármála- og efnahagsráðherra

### 1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til félagsfólks í Sameyki sem starfar hjá skrifstofu Alþingis. Samningurinn er gerður á grundvelli 11. kafla kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sameykis.

### 2. Markmið

- Að starfsfólk njóti sömu grunnlauna fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf, óháð kyni.
- Að launasetning sé gagnsæ og byggji á málefnalegum sjónarmiðum þar sem jafnræðis er gætt.
- Að skrifstofa Alþingis sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæft og metnaðarfullt starfsfólk sem fær tækifæri til að efla hæfni sína og kunnáttu.
- Að frammistaða, hæfni og reynsla starfsfólks endurspeglis í launaröðun í launaflokk og álagsþrep þannig að launakerfið feli í sér hvatningu til markvissrar vinnu og aukinna afkasta.

### 3. Starfaflokkun

Flokkun starfa miðast við viðvarandi og stöðugt verksvið innan skrifstofu Alþingis sem skilgreint er í starfslýsingu. Allt starfsfólk þarf við vissar aðstæður að geta sinnt fjölbreyttum viðfangsefnum sem getur kallað á verkefnabundið álag og langan vinnudag. Þá geta störf teygst sig út fyrir húsakynni Alþingis, t.a.m. vegna funda, ráðstefna og annarra viðburða á vegum þingsins sem fara fram annars staðar.

Störf eru flokkuð í starfahópa á grundvelli jafnlaunastaðals IST 85:2012 og skilgreininga starfaflokkunar Hagstofu Íslands (ÍSTARF21, starf 5414 *Gæslu og eftirlitsstörf*). Störf eru nánar skilgreind í starfslýsingum.

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

#### Starfaflokkur

#### Grunnröðun

#### **Pingvörður 1:** **14**

Hér undir fellur tímabundið starf þingvarða svo sem vegna sérstakra átaksverkefna eða afleysinga.

#### **Pingvörður 2:** **16**

Verkefni felast m.a. í öryggisgæslu, almennri þjónustu og upplýsingagjöf við þingmenn, starfsfólk og gesti ásamt öðrum verkefnum.

Verkefni felast m.a. í öryggisgæslu, almennri þjónustu og upplýsingagjöf við þingmenn, starfsfólk og gesti auk sérhæfðra verkefna s.s. akstursþjónustu og aðstoð við útsendingar þingfunda.

Með vísan til þeirra breytinga sem kynntar hafa verið á vinnufyrirkomulagi starfsfólks hækkar grunnröðun þingvarða um einn launaflokk frá 1. september nk.

#### **4. Viðbótarþættir**

##### **4.1 Menntun á háskólastigi og meistaraáttindi**

Starfsfólk sem hefur lokið diplómagraðu á háskólastigi eða meistaraáttindum í fagnámi sem samsvarar einu skólaári (30-60 ECTS) og nýttist í starfi skal hækka um eitt álagsþrep.

Starfsfólk sem lokið hefur BA/BS/B.ED eða sambærilegu námi sem nýttist í starfi skal hækka um tvö þrep (eitt þrep hafi áður verið metið álagsþrep samkvæmt málsgrein hér á undan).

Starfsfólk sem lokið hefur mastersnámi sem nýttist í starfi skal hækka um tvö álagsþrep. Álagsþrep samkvæmt grein þessari geta að mestu orðið fjögur.

Starfsfólk sem lokið hefur háskólamenntun skal njóta sambærilegra launakjara eins og félagsfólk stéttarfélagsháskólamenntaðra ef um er að ræða sambærilegt starf.

##### **4.2 Starfsnám/símenntun**

Skrifstofa Alþingis mun stuðla að því að styrkja starfsfólk í störfum sínum og sjá til þess að starfsfólki standi viðeigandi starfsnám til boða. Starfsfólk auki með því þekkingu sína og færni þannig að skrifstofa Alþingis hafi ævinlega á að skipa hæfu starfsfólki sem er tilbúið til þess að takast á við ný verkefni og störf á hverjum tíma. Starfsfólk getur óskað eftir gerð starfsþróunaráætlunar í samráði við sinn stjórnanda. Álagsþrep vegna símenntunar og starfsnám geta mest orðið þrjú.

Starfsfólk sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum, er í samræmi við endurmenntunar- / starfsþróunaráætlun stofnunarinnar og starfsfólks og er til þess fallin að auka færni viðkomandi í starfi, skal hækka um álagsþrep sem hér segir þegar samanlagðri tímalengd er náð á einu eða fleiri námskeiðum:

Hækka skal um eitt þrep eftir 60 kennslustundir.

Hækka skal um eitt þrep til viðbótar eftir 120 kennslustundir.

Hækka skal um eitt þrep til viðbótar eftir 180 kennslustundir.

Að jafnaði skal ekki meta námskeið sem eru eldri en 10 ára. Undir þessa grein fellur ekki starfsnám sem er haldið á vegum skrifstofunnar og starfsnám sem er nauðsynlegt viðkomandi til að geta sinnt starfi sínu.

### 4.3 Starfsnám vegna akstursþjónustu

Sæki þingvörður 3 sem sinnir akstursþjónustu námskeið með samþykki stjórnanda til að auka við réttindi sín eða til að viðhalda þeim, skal ekki koma til skerðinga á launum, enda nýtist það starfsmanni í starfi sínu og fyrir liggur hvaða kostnaður er af námskeiðinu. Atvinnurekandi greiðir jafnframt námskeiðsgjald. Slík námskeið eru ekki metin til hækkunar skv. grein 4.2.

### 4.4 Starfsreynsla

Meta skal starfsreynslu á skrifstofu Alþingis til hækkunar í samræmi við eftirfarandi:

Fyrir 3 ára starfsreynslu skal hækka um eitt þrep.

Fyrir 6 ára starfsreynslu skal hækka um eitt þrep til viðbótar.

Fyrir 9 ára starfsreynslu skal hækka um eitt þrep til viðbótar.

Starfsreynslu utan skrifstofu Alþingis sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti og er umfram grunnkröfur starfsins, er unnt að meta til jafns á við starfsreynslu innan skrifstofu Alþingis með hliðsjón af framangreindri töflu. Starfsreynsla sem metin er við ráðningu verður ekki metin að nýju.

### 4.5 Persónubundnir þættir

Við röðun starfsfólks má taka tillit til eftirfarandi persónubundinna þátta varðandi mat á hæfni og frammistöðu þess. Persónubundna þætti skal þá meta sem launaprep. Við mat á hæfni og frammistöðu má m.a. taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Sýnir sérstaklega góðan árangur í starfi.
- Sýnir sérlega mikinn áhuga, sjálfstæði, frumkvæði eða nýsköpun í starfi.
- Sýnir sérstaka hæfni og vilja til að fræða og leiðbeina öðrum.
- Sýnir sérstaka færni og vilja til að sinna verkefnum á öðrum verksviðum skrifstofunnar.

### 4.6 Tímabundnir þættir

Sé starfsfólki falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang, álag eða ábyrgð en gert er ráð fyrir á viðvarandi verkswiði er heimilt að meta það til launa og greiða með fastri mánaðarlegri greiðslu, eingreiðslu eða yfirvinnutímum meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt umfangi eða ábyrgð sem verkefnið felur í sér. Ákvörðun um tímabundnar álagsgreiðslur skal vera skrifleg og tímasett. Til tímabundinna þátta getur m.a. talist:

- Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna.
- Forysta, innleiðing eða þátttaka í verkefnum eða stýrihópum sem bætist ofan á reglubundin verkefni fyrir utan starfssvið.
- Próun og nýsköpun.

## 5. Meðferð ágreiningsmála

Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma við framkvæmd stofnanasamning þessa skal skjóta til samstarfsnefndar skrifstofu Alþingis og Sameykis, sem um skal fara, eftir því sem við á, í samræmi við 11. kafla kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og Sameykis.

## **6. Starfsmannasamtöl**

Starfsmannasamtöl skulu fara fram a.m.k. árlega. Þau eru m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starti, starfsfræðslu, endurmenntun og frammistöðu auk annarra atriði sem vinnustaðurinn leggur áherslu á.

## **7. Launasamtal**

Starfsfólk getur hvenær sem er óskað eftir samtali um laun og önnur starfskjör, þó aðeins einu sinni á ári. Í samtalinu gefst kostur á að fara yfir launakjör og mat þeirra þátta sem hafa áhrif til hækkunar á röðun í launatöflu. Samtalið skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að ósk hefur komið fram eða eftir nánara samkomulagi. Svar skal berast eigi síðar en fimm vikum eftir að launasamtal fór fram.

## **8. Endurskoðun**

Fulltrúar í samstarfsnefnd skrifstofu Alþingis og Sameykis geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings þessa telji þau að umtalsverðar breytingar hafi orðið á forsendum hans og fer um þá endurskoðun eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og Sameykis, en hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Þá getur hvor aðili um sig skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa en erindi skal berast með skriflegum hætti.

## **9. Gildistaka**

Samningur þessi öðlast gildi 1. apríl 2024.

Reykjavík, dags. 13. júní 2024.

F.h. skrifstofu Alþingis

F.h. Sameykis, stéttarfélags í almannabjónustu

## Fylgiskjal.

### **Bókun 1**

Þingverðir fá sérstakt vetrarorlof, 16 klst. fyrir fullt starf. Skal þingvörður hafa starfað hjá Alþingi í eitt ár til að öðlast þennan rétt. Vetrarorlof þingvarða skal tekið utan álagstíma á tímabilinu 15. september til 30. apríl og geymist ekki til næsta árs. Þingvörður í hlutastarfi fær hlutfallslegt vetrarorlof.

### **Bókun 2**

Með vísan til breytinga sem verða á vinnufyrirkomulagi starfsfólks frá og með 1. september 2024 eru samningsaðilar sammála um að grunnröðun fyrir næturverði sé sú sama og fyrir þingverði 2 frá gildistöku samnings þessa og til þess tíma sem breytingar á vinnufyrirkomulagi taka gildi. Þá munu næturverðir sem ganga einungis næturvaktir fá greiddar tvær yfirvinnustundir þegar þeir eru einir á vakt samkvæmt vaktaskipulagi, útkalli eða samkvæmt ákvörðun yfirmanns.